



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi – DMR23040065
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	14.4.2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga voru samþykkt á Alþingi 27. júní 2018. Með lögunum var lögfest reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, eins og reglugerðin var aðlöguð og tekin upp í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Lög nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi voru samþykkt á Alþingi 25. júní 2019. Með lögunum var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680, einnig frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Á þeim tíma sem er liðinn frá gildistöku laganna hefur komið í ljós að skýra þarf nokkur ákvæði þeirra nánar eða breyta, m.a. til þess að ákvæðin verði framkvæmanleg (4. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018) og til að gæta jafnræðis meðal ábyrgðar- og vinnsluaðila þegar kemur að gjaldtöku vegna eftirlits (40. gr. laga nr. 90/2018 og lög nr. 75/2019). Breytingar þar að lútandi voru meðal þeirra breytinga sem voru lagðar til í frumvarpi, sem síðar varð að lögum nr. 16/2023, en með breytingartillögu allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sem samþykkt var af þinginu, voru þær tillögur felldar brott. Í álit nefndarinnar, dags. 23. mars 2023, beinir hún því til ráðherra að flýta vinnu við heildarendurskoðun á framkvæmd persónuverndarlaga nr. 90/2018 og undirstrikar mikilvægi þess að vinnunni verði framhaldið í samráði við helstu sérfræðinga og hagsmunaaðila.

Hinn 24. mars 2022 féll dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-245/20 sem hafði það í för með sér að Persónuvernd lítur nú svo á að stofnunin sé ekki bær til að fjalla um vinnslu persónuupplýsinga sem er framkvæmd af dómstólum í sambandi við birtingu dómsúrlausna á Netinu þar sem sú vinnsla er tengd beitingu dómstóla á dómsvaldi sínu. Í tilkynningu sem birtist á vef stofnunarinnar í apríl sama ár segir jafnframt að af niðurstöðu Evrópudómstólsins megi leiða að samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2018 gildi lögin og reglugerð (ESB) 2016/679 ekki að íslenskum rétti um vinnslu persónuupplýsinga sem er framkvæmd af dómstólum í tengslum við birtingu dómsúrlausna á Netinu. Hvað þetta varðar er til þess að líta að þótt ekki sé talið samrýmast þriggri greiningu ríkisvalds að eftirlitsstjórnvöld hafi eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum þegar þeir fara með dómsvald sitt þá bera ákvæði og formálsorð reglugerðar (ESB) 2016/679 með sér að reglugerðin gildi að meginstefnu til um vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum, einnig þegar þeir fara með dómsvald sitt, þótt heimilaðar séu ákveðnar undantekningar þar á. Þá er einnig til þess að líta að hjá dómstólum fer fram umfangsmikil vinnsla persónuupplýsinga um aðila máls og aðra sem þeim tengjast. Í

mörgum tilvikum teljast þessar persónuupplýsingar til viðkvæmra persónuupplýsinga, eins og þær eru skilgreindar í 3. tölul. 3. gr. laganna, eða upplýsinga sem ekki falla undir þá skilgreiningu en teljast viðkvæms eðlis, þ.e. upplýsingar um hrein einkamálefni einstaklinga, svo sem um félagsleg vandamál, hjónaskilnaði og samvistarslit, ættleiðingar og annað sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Við birtingu dómsúrlausna á Netinu er enn fremur að líta til þess að leitarvalmöguleikar í leitarvélum, t.d. á vefsíðum dómstólanna, auka möguleika á að tengja saman persónuupplýsingar og að við birtingu upplýsinga á Netinu er nánast ómögulegt að hafa stjórn á frekari meðferð þeirra. Vinnsla persónuupplýsinga hjá dómstólum, meðal annars sú sem felst í birtingu dóma á Netinu, getur því haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi hinna skráðu og þar af leiðandi mikilvægt að stuðla að því að hún sé í samræmi við grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Með hliðsjón af öllu þessu þykir tilefni til að endurskoða gildissvið hinna íslensku persónuverndarlaga hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum þegar þeir fara með dómsvald sitt og hvernig haga eigi eftirliti með vinnslu persónuupplýsinga á þeirra vegum.

Þá hafa Samtök atvinnulífsins með erindum til dómsmálaráðuneytisins og umsögnum við frumvarp, sem varð að lögum nr. 16/2023, bent á nokkur atriði í lögnum sem samtökin telja að þarfnist endurskoðunar. Eru þetta atriði sem lúta m.a. að hugtakinu „vinnuskjöl“ í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, skýrari skilgreiningu hugtaksins „öryggisbrestur“ og refsíákvæði vegna brota á þagnarskyldu persónuverndarfulltrúa.

Að öllu framangreindu virtu og með hliðsjón af fyrrgreindu nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar þykir nú tímabært að fara með áform um heildarendurskoðun persónuverndarlaga, nr. 90/2018 í opið samráð og kalla eftir ábendingum um hvað í lögnum eða við framkvæmd þeirra kalli á endurskoðun.

Það skal að lokum áréttað að við endurskoðun persónuverndarlaga nr. 90/2018 verður að hafa hliðsjón af ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/679 og skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Hvert er úrlausnarefnið?

Að breyta lögum nr. 90/2018 eftir því sem framkomnar ábendingar gefa tilefni til, auk þess að breyta einu ákvæði laga nr. 75/2019.

2. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Þegar hafa komið fram ábendingar, m.a. frá Persónuvernd og Samtökum atvinnulífsins, um að ákvæði laganna þurfi að skýra og bæta.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Framtíðarsýn málefnasviðsins er að tryggja öllum einstaklingum skilvirka og sanngjarna þjónustu svo að þeir fái notið þeirra réttinda sem þeim ber hér á landi.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið endurskoðunar er að gera lög skýr til að auka fyrirsjáanleika, gagnsæi og jafnræði í framkvæmd og tryggja þannig betur rétt einstaklinga til persónuverndar en einnig rétt þeirra sem vinna með persónuupplýsingar.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Að svo stöddu á eftir að meta það að fullu með hliðsjón af þeim umsögnum og ábendingum sem kunna að berast en sem fyrr greinir hefur nú þegar verið bent á ákvæði sem þarf að skýra frekar til þess að unnt sé að beita þeim, að ekki er jafnræði meðal ábyrgðar- og vinnsluaðila hvað varðar gjaldtöku fyrir eftirlit og að eins og er gilda lög nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 ekki um vinnslu persónuupplýsinga þegar dómstólar fara með dómsvald sitt, þ.m.t. við birtingu dómsúrlausna á Netinu, og ekkert eftirlit er með þeirri vinnslu.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Hér er verið að horfa til endurskoðunar gildandi laga. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Við það er miðað að samið verði frumvarp til breytinga laga nr. 90/2018 og 75/2019.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Enn liggur ekki fyrir hversu umfangsmiklar breytingar verður ráðist í en fyrirhugað er að leggja til breytingar á ákvæðum og mögulega setningu nýrra ákvæða í gildandi lög. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Samkvæmt þeim ábendingum sem þegar hafa borist er gert ráð fyrir að lagðar verði til a.m.k. eftirfarandi breytingar: a. Gildissviði laga nr. 90/2018 breytt og það útvíkkað þannig að það nái til vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum þegar þeir fara með dómsvald sitt. Samhliða því verði tekin afstaða til þess hvernig eftirliti með þeirri vinnslu verður best háttað en fyrir liggur að eftirlitið getur ekki verið hjá Persónuvernd. Auk þess þyrfti, samhliða framangreindum breytingum, að breyta öðrum ákvæðum laganna, s.s. 11. gr. um skilyrði vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga og 17. gr. laganna hvað varðar takmarkanir á upplýsinga- og aðgangsrétti hins skráða, að því marki sem það telst nauðsynlegt til að tryggja sjálfstæði dómskerfisins og dómsmeðferð. b. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018 breytt á þann veg að ákvæðið feli í sér þá löggjafarráðstöfun sem kveðið er á um í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. c. 40. gr. laga nr. 90/2018 breytt á þann veg að heimiluð verði gjaldtaka vegna eftirlits hjá vinnsluaðilum. d. Sett verði ákvæði í lög nr. 75/2019 sem heimili gjaldtöku vegna eftirlits hjá ábyrgðar- og vinnsluaðilum.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Áformin varða að hluta skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum þar sem reglugerð (ESB) 2016/679 hefur verið tekin upp í EES-samninginn og tilskipun (ESB) 2016/680 varðar skuldbindingar Íslands á grundvelli þátttöku í Schengen-samstarfinu. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei, ekki er gert ráð fyrir því. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Ekki að svo stöddu.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Persónuvernd, dómstólar, einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Ekki að svo stöddu. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Ráðuneytinu hafa þegar borist ábendingar frá Persónuvernd og Samtökum atvinnulífsins en tilgangur þessara áforma er að kalla eftir viðtækara samráði. 4. Fyrirhugað samráð Að lokinni kynningu áforma í Samráðsgátt stjórnvalda verður hafist handa við að greina umfang endurskoðunar. Gert er ráð fyrir frekara samráði við Persónuvernd og dómstóla og ef

þörf krefur verður kallað eftir frekari skýringum eða umsögnum frá öðrum aðilum. Þá munu drög að frumvarpi einnig verða kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda þegar þar að kemur.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Efnistöð frumvarpsins liggja ekki fyrir að svo stöddu en ekki er gert ráð fyrir að það hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög. Komi til þess að gildissviði laga nr. 90/2018 verði breytt hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum þegar þeir fara með dómssvald sitt má gera ráð fyrir að það kalli á einhverja vinnu við innleiðingu en ráðgert er að tímabundinn kostnaður við innleiðingu rúmist innan útgjaldaramma dómstólanna. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á jafnrétti eða stöðu kynjanna.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Nei. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Verði gildissviði laga nr. 90/2018 breytt hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum þegar þeir fara með dómssvald sitt má gera ráð fyrir að það kalli á einhvern undirbúning eða aðlögun en þó er til þess að líta að lögin gilda nú þegar um aðra vinnslu dómstóla en þá sem fer fram þegar þeir fara með dómssvald sitt. Þá eru þegar í gildi reglur dómstólasýslunnar nr. 9/2018 um aðgang að upplýsingum og gögnum hjá héraðsdómstólum og nr. 3/2022 um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla, sem taka mið af og vísa til ákvæða persónuverndarlaga. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Á ekki við. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Unnt verður að greina það frekar þegar efnistöð frumvarps liggja fyrir. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Ekki enn.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum